

EYJAFRÉTTIR

50 Ára
1974 - 2024

Kveikjum neistann

töl. 17
51. árg
27.11
2024
kr. 1.590




17



4 Leiksigur



12 Fyrirtæki í sókn



2 Heljarstökk
í pólitíkinni

Kosið til þings á laugardag



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri spyr oddvita framboðanna út í hagsmunamál Vestmannaeyja. Fundurinn var vel sóttur og stóð í um tvo tíma.

Á laugardaginn ganga landsmenn til þingkosninga. Í Suðurlkjördæmi eru tíu framboðslistar sem bjóða fram. Eyjafréttir fengu Maskínu til að kanna hvernig stuðningurinn er við framboðin í Eyjum.

Þar kom fram að Sjálfstæðisflokkurinn og Miðflokkurinn hafa mesta fylgið í Vestmannaeyjum. Könnunin var gerð dagana 6-11.

nóvember.

Samfylkingin er þriðji stærstur flokkanna í Eyjum með um 13% fylgi og næst á eftir þeim koma svo Viðreisn og Flokkur fólksins með rúm 10% hvor flokkur. Framsóknarflokkurinn er rétt undir 5%. Vinstri grænir báru skarðan hlut frá borði í könnuninni, en eingöngu einn af þeim 242 sem

tóku afstöðu sögðust ætla að kjósa flokkinn. 12,2% þeirra sem þátt tóku voru óákveðnir.

Að grunninnviðir í Vestmannaeyjum verði tryggðir

Þann 13. nóvember var haldinn framboðsfundur í Höllinni. Þar mættu allir oddvitar framboðanna, ef frá er talinn Mummi Týr

frá Pírötum sem afboðaði sig og sendi varamann.

Ágæt umræða fór fram á fundinum, sem hófst á spurningum bæjarfulltrúa og fjölmiðla. Í kjölfarið voru svo spurningar úr sal. Á annað hundrað bæjarbúa mætti til fundarins þar sem eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða:

Fundarmenn gera þá lágmarkskröfu til Alþingis að tryggja það að ríkið muni sjá til þess að grunninnviðir í Vestmannaeyjum verði tryggðir.

Til að tryggja ofangreint þarf ríkið að:

1. Fjármagna almannavarnavatslögn til Vestmannaeyja.
2. Ljúka við framkvæmd Landeyjahafnar svo hægt sé að sigla í höfnina allt árið.
3. Byggja upp viðlegukant á Eiðinu norðanverðu. Með slíkri framkvæmd er tryggð svokölluð flóttaleið komi til almannavarnarástands sem kalli á flutning bæjarbúa frá Vestmannaeyjum, líkt og gerðist árið 1973.
4. Styrkja flug til Eyja að lágmarki 6 mánuði á ári.
5. Klára að lágmarki fyrsta fasa rannsókna á jarðlögum á Heimaey, strax á næsta ári, líkt og starfshópur á vegum innviðaráðherra um fýsileika jarðgangna milli lands og Eyja leggur til.

Mikilvægustu kosningamálin í Eyjum

AÐSEND GREIN:

Karl Gauti Hjaltason
oddviti Miðflokksins í Suðurlkjördæmi.



Í lok nóvember fara fram kosningar sem munu ekki einungis skera úr um hverjir sitja á Alþingi næstu fjögur ár eða hvaða flokkar munu stækka eða minnka. Í kosningunum mun verða dregin lína í sandinn í mörgum skilningi, hvort takist að ná tökum á ríkisfjármálunum, hvort tekst að ná stjórn á landamærum landsins og síðast en ekki síst hvort haldið verði áfram á braut bútaums og aðgerða-

leysis í samgöngumálum.

Fyrir Eyjarnar skipta úrslitin miklu máli. Samgöngumálin eru alltaf ofarlega á baugi í Eyjum, en það þekki ég hafandi búið í Eyjum í 20 af síðustu 25 árum. Óskiljanlegur seinagangur hefur verið í málefnum Landeyjahafnar í fjöldamörg ár. Höfnin er ekki að virka eins og áætlanir stóðu til og skortir þar töluvert uppá. Ganga þarf í þær framkvæmdir á höfninni sem skila okkur meiri nýtingu, hvort sem það er að lengja garðana, annan eða báða eða annað sem dugir. Það er ekki boðlegt fyrir byggðina að ná ekki viðunandi samgöngum flesta vetrarmánuðina. Ferðapjónust-

unni í Eyjum blæðir á meðan ekki er unnt að treysta á ferðir lengur en fimm til sex mánuði á ári. Þetta tímabil þarf að lengja með öllum ráðum.

Þegar ég sat á þingi lagði ég fram þingsályktunartillögu um að ljúka rannsóknum á jarðlögum milli lands og Eyja og mun ég halda áfram á þeirri braut svo unnt sé að taka ákvarðanir um möguleg jarðgöng. Ef það reynist framkvæmanlegt þarf að meta arðsemina miðað við kostnaðinn, en mikill kostnaður við núverandi samgönguhætti vægi þungt í því arðsemissmati.

Mörg önnur málefni má nefna, svo sem komu sérfræðilækna

og sjúkrahúspjónustu sem mjög hefur dregist saman í Eyjum og hefur í för með sér stórkæm aukin kostnað fyrir íbúa vegna ferðalaga og dvalar í Reykjavík. Fæðingarþjónustan er þar meðtalin. Afturför hefur orðið í sjúkrafluginu, þegar sjúkraflugvél er staðsett hinum megin á landinu. Áætluarflug er í smáskömmtum í nokkrar vikur og svona mætti áfram telja.

Þrátt fyrir þetta er engan bilbug að finna á Eyjamönnum, þeim fjölgar og atvinnulíf blómstrar sem aldrei fyrr. Miklu skiptir hvernig tekið verður á ofangreindum málum á næsta kjörtímabili.

Forsíðumynd: Fjórði bekkur GRV er fyrsti bekkurinn sem tók þátt í verkefninu Kveikjum neistann.

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
Ægisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Már Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is.

Umbrot: Leturstofa Vestmannaeyjum ehf.
Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.
Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.
Sími: 481 1300

Netfang: frettir@eyjafrettir.is.
Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is
Veffang: www.eyjafrettir.is
EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.

VELDU LEIÐ SEM VIRKAR

Vaxtalækkun þann
20. nóvember 2024

-0,5%

Aukning
ráðstöfunartekna á ári

190.000 kr.

Hversu mikið lækka
greiðslur af 40 m.kr.
láni á ári með lækkandi
vöxtum?

-1,5%

560.000 kr.

-2,5%

930.000 kr.

-3,5%

1.280.000 kr.

-4,5%

1.625.000 kr.




D

Leikhúsið og hljómsveitarlífið

Aðalbjörg Andrea Brynjarsdóttir tekur virkan þátt í menningar- og félagslífinu í Vestmannaeyjum. Aðalbjörg spilar með hljómsveitinni Þögn, en Þögn lenti í 3. sæti á Allra Veðra Von í byrjun október. Hún er einnig meðlimur í Leikfélagi Vestmannaeyja og fer með stórt hlutverk í leikritinu Dýrin í Hálsaskógi sem var frumsýnt í enda október síðastliðnum. Við fengum að spyrja Aðalbjörgu nokkurra spurninga.

Fjölskylda: Mamma mín heitir Jóhanna Jóhannsdóttir og stjúppabbi minn Gísli Foster, pabbi minn heitir Brynjar Smári Unnarsson.



Aðalbjörg Andrea Brynjarsdóttir.

Ég á einn bróður sem heitir Gabríel Kárasón.

Hefur þú búið annars staðar en í Eyjum: Nei, aldrei.

Mottó: „You only live once“

Síðasta hámhörfið: Það var BoJack Horseman á Netflix.

Uppáhalds hlaðvarp? Ég hlusta ekki á hlaðvörp.

Aðaláhugamál: Það er leikhús, spila á trommur, spila á gítar og syngja.

Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án:

Já, ég hlusta á tónlist á hverjum degi og gæti ekki verið án þess.

Hvað óttast þú mest: Að vera ein.

Hvað er velgengni fyrir þér: Að

vera hamingjusamur og að hafa snyrtilegt í kringum sig.

Hvenær byrjaðir þú í hljómsveitinni Þögn? Ég byrjaði í

nóvember 2023.

Hvenær byrjaðir þú í leikhúsinu?

Ég byrjaði í leikhúsinu þegar ég var 12 ára gömul og þá vorum við að sýna Ávaxtakörfuna. Ég hef verið hluti af leikhúsinu síðan þá.

Hvernig hefur gengið að tvinna saman leiklistina og tónlistina?

Það hefur gengið ágætlega, aðalatriðið er skipulagning myndi ég segja, þannig þetta blandist ekki saman.

Eitthvað að lokum? Alltaf að horfa á jákvæðu hliðarnar.

Ungir og efnilegir leikarar í Dýrunum í Hálsaskógi

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Leikfélag Vestmannaeyja frumsýndi á dögunum barnaleikritið Dýrin í Hálsaskógi fyrir fullum sal áhorfenda. Leikstjóri sýningarinnar er Agnes Emma Sigurðardóttir en hún fædd í Vestmannaeyjum en fluttist til Reykjavíkur 4 ára gömul.

Mikið af ungu og efnilegu Eyjafólki kemur að sýningunni, en hún samanstendur af tæplega 20 leikurum, ásamt baksviðsfólki. Sýningin hefur hlotið mikið lof fyrir bæði frumkvæði og metnað.

Dýrin í Hálsaskógi er ekki einungis leiksýning heldur einnig lifandi dæmi um styrk og hæfileika ungu kynslóðarinnar í Vestmannaeyjum. Sagan um Dýrin í Hálsaskógi er gömul og góð klassík sem skrifuð er af Thorbírni Egner og Christian Hartmann árið 1953. Hún segir



Mynd: Sverrir Jóhannsson.

Fjöldi ungra leikara kom fram í sýningu Leikfélags Vestmannaeyja sem heppnaðist vel á allan hátt.

frá dýrunum í Hálsaskógi sem lifa hver sínu lífi í skóginum en þurfa svo að standa saman þegar á reyn-

ir. Með túlkun þessara fjölbreyttu persóna, ná leikararnir að koma á framfæri fallegum boðskap

sögunnar um vináttu, samvinnu og bjartsýni.



Samfylkingin



Nýtt upphaf

- **Neglum niður vextina**
með því að hætta að reka ríkið á yfirdrætti
- **Fastur heimilislæknir sem þekkir þig**
og örugg heilbrigðisþjónusta óháð búsetu
- **Hlúum að fólkinu sem byggði landið**
með þjóðarátaki í umönnun eldra fólks
- **Tvöföldum fjárfestingu í samgöngum**
með tekjum frá auðlindum og aukinni verðmætasköpun

**Kosningafundur
með Krístrúnu
í Vestmannaeyjum**

Mánudaginn 25. nóvember
frá kl. 17–19
Eldheimar

Kíktu á viðerummeðplan.is eða skannaðu kóðann



Einsi Kaldi og hans fólk í jólagír

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

„Veturinn hefur farið ljómandi vel af stað hjá okkur,“ segir Einar Björn Árnason, matreiðslumeistari sem rekur veitingastaðinn Einsa Kalda ásamt veisluþjónustu sinni. „Við erum afskaplega þakklát fyrir hvað heimamenn eru duglegir að styðja við okkur og koma á veitingastaðinn, svo höfum við líka verið heppin með samgöngurnar hingað til sem hjálpar.“

Veisluþjónustan hefur einnig farið vel af stað og má segja að hún haldi rekstrinum gangandi yfir vetrartímann segir Einar. „Haustin eru oft sterk í veisluþjónustunni, sem er frábært. Við höfum verið með hvern stórviðburðinn á fætur öðrum eins og árshátíð Ísfélagsins og Vinnslustöðvarinnar, ásamt veislum út í bæ. Það er einnig margt framundan hjá okkur og svo förum við að detta í jólatörnina. Við verðum með stórt og metnaðarfullt jólahlaðborð laugardaginn 7. desember í samstarfi við strákana í Höllinni. Þá verðum við með góða gesti eins og Jónsa í



Við verðum með stórt og metnaðarfullt jólahlaðborð laugardaginn 7. desember í samstarfi við strákana í Höllinni.

Svörtum fötum, ásamt fleiru góðu Eyjafólki,“ segir Einar Björn.

Framundan á Einsa Kalda

„Það sem er framundan hjá okkur á veitingastaðnum er í rauninni bara jólatörnin. Við höfum byggt okkur gott orðspor fyrir jólaplattan okkar síðustu ár og ætlum við að halda í þá hefð. „Jólakvöld á Einsa Kalda“ verður því aftur í ár, þetta er einstaklega notalegt kvöld með góðu úrvali af fjölbreyttum mat. Við gerum allan okkar mat

frá grunni og fólk finnur það. Við erum einnig að undirbúa jólakokteilana ásamt smörrebrauðum. Staðurinn er einstaklega notalegur yfir vetrartímann, dökkur og kósí og við erum ótrúlega heppin með starfsfólkið okkar.“

Nýr matseðill í janúar

Og áfram verður haldið á nýju ári. „Við erum með opið okkur fimmtudaga til sunnudaga og gerum við það í samráði við starfsfólkið, þau halda sinni vakt



Prinsessan, Margrét Íris með freistandi kokteil.

og eru svo í fríi mánudaga til miðvikudaga. Við ætlum svo að hafa opið á milli jóla og nýárs, og eftir það lokum við í smá tíma til að útbúa glænýjan matseðil. Þegar við erum ánægð með hann opnum við aftur í janúar, en þessir dagar eru ómetanlegir fyrir okkur til að finnúsa rétti, stilla verð og skipuleggja okkur í ró og næði,“ sagði Einar Björn að endingu.

Jólastemning er í Pennanum hjá Erlu

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Það er fátt betra í aðventunni en að setjast niður með einn góðan bolla, kíkja í tímarit og skoða jólavörur, en það er svo sannarlega hægt að gera í Pennanum Eymundsson. Penninn býður upp á fjölbreytt úrval af kaffidrykkjum, skemmtilega gjafavöru og notalega stemningu sem fangar anda jóla. Þar má einnig finna eitthvað fyrir alla fjölskylduna – allt frá jólaskrauti og spilum til bóka og föndurvara. Við kíkum við á jólavörurnar í Pennanum og spjölluðum við Erlu Halldórsdóttur, verslunarstjóra sem gaf okkur hugmyndir af gjöfum fyrir jólin.

Jólagjöfin fæst í pennanum

Góð bók er fullkomin jólagjöf að mati Erlu. Í Pennanum má finna



Bækurnar fást í Pennanum. Hér er Erlu Halldórsdóttir, verslunarstjóri ásamt samstarfskonu sinni, Helgu Georgsdóttur með sýnishorn af þeim vinsælustu.

allt frá spennusögum og ævintýrum til fræðibóka og lífsstílsbóka, segir Erlu. „Vinsælasta bókin um þessar mundir er nýja bókin hans Arnaldar Indriðasonar, Ferðalok. Bókin hefur fengið frábærar viðtökur meðal lesenda og gagnrýnenda. Arnaldur heldur áfram að heilla með sínum einstaka stíl

og spennandi söguþræði. Þeir sem þekkja verk Arnaldar vita að hér er á ferðinni bók sem erfið er að leggja frá sér. Í barnaflokki er vinsælasta bókin um þessar mundir Fíásól í logandi vandræðum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Bókin hefur hlotið mikla hylli fyrir skemmtilegan söguþræð,

litríkar persónur og hlýjan hómur sem fangar hug og hjórtu ungra lesenda,“ segir Erlu.

Girnilegir jólaaffidrykkir

Fyrir þá sem ekki eru fyrir bækur er einnig hægt að gefa gjöf sem fjölskyldan getur notið saman eins og borðspil eða Óskaskrín. „Slíkar gjafir skapa ekki aðeins gleði heldur einnig gæðastundir sem allir geta tekið þátt í. Ýmislegt annað má líka finna, eins og liti af ýmsum gerðum, límmiða, stórar og smáar perlor og föndurvörur sem gleðja bæði börn og fullorðna.

Penninn er ekki bara staður fyrir jólagjafirnar, heldur líka fyrir hvíld frá amstri dagsins og notalega stemningu. Nú eru jóladrykkirnir komnir í hús og þá er tilvalið að kíkja inn í hlýjuna, gæða sér á Piparkökulatte, Grýlu eða Leppalúða og taka sér tíma til að slaka á og láta jólastemninguna koma yfir sig,“ segir Erlu að endingu.



**SVARTIR
DAGAR 20%**

af öllum Icwear vörum & 2 fyrir 1 af völdum
jogging göllum ásamt fleiri flottum tilboðum

**ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA**

icwear.is
Vesturvegur 5

Eyjafólk okkar helsti markhópur

≡ Bjóðum upp á þjónustu allt árið ≡ Minni áhersla á ferðamenn

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Vöruhúsið opnaði í maí síðastliðnum við góðar móttökur Eyjamanna. Eigendur eru þau Anton Örn Eggertsson og Hildur Rún Róbertsdóttir, ásamt Róberti Agnarssyni og Sigrúnu Ósk Ómarsdóttur og mynda þau gott teymi í rekstri að eigin sögn. Við fengum að ræða aðeins við þá Anton Örn og Róbert um hvernig fyrstu mánuðirnir hafa verið. Báðir hafa þeir reynslu úr veitingageiranum. Anton Örn starfaði erlendis sem yfirkokkur og á Nauthól, Gló og Gott áður en hann opnaði Vöruhúsið og Róbert rak ásamt konu sinni bar og veitingastað úti á Spáni. Þeir segja að starfsumhverfið sé ekki fyrir alla, en það er að þeirra sögn mjög aktíft og kaótískt. Viðtökurnar hafa ekki

láið á sér standa og eru framar björtustu vonum að þeirra sögn og segjast þeir mjög þakklátir fyrir það.

„Við fórum út í þetta með það í huga að okkar helsti markhópur væri Eyjafólk. Við viljum þjónusta fólkið sem býr hérna allt árið og þar af leiðandi fókusum við minna á túrista. Við ætlum að hafa opið allt árið og þurfum því að treysta á heimafolk til að versla við okkur.“

Jólaþorp og bröns

Þeir segja fólk hafi komið upp að þeim þegar þeir stóðu í framkvæmdunum og sagt - ég ætla að vona að þetta gangi hjá ykkur. Þeirra svar var alltaf, það væri algjörlega undir þeim komið hvort þetta myndi ganga eða ekki. „Þó svo að rekstrarumhverfið sé ekki endilega spennandi yfir vetrarmánuðina, ætlum við ekki að bölvu yfir því, heldur frekar að hugsa hvað við getum gert til

þess að fá fólkið til okkar. Við þurfum því sífellt að vera á tánum og koma með nýjungar eins og t.d pizzur sem eykur traðffikina yfir veturinn og bröns sem fer að byrja hjá okkur um helgar. Kosturinn við að reka veitingastað í Vestmannaeyjum er klárlega samfélagið. Hér eru allir boðnir og búnir að hjálpa og redda ef eitthvað vantar. Þetta viðmót þekkist ekki annars staðar,“ segir Anton.

En eru einhver plön hjá þeim fyrir jólin? „Já, við ætlum að bjóða upp á þriggja rétta jólamatseðil um helgar og byrjum að bjóða upp á bröns í hádeginu um helgar í nóvember. Svo munum við vera með sérstakt jólaþorp á útsvæðinu hjá okkur í desember til þess að búa til skemmtilega jólastemningu í miðbænum. Við vonumst til að setja upp bása þar sem seldur verður ýmis varningur frá félagssamtökum eða fyrirtækjum. Vonandi taka sem flestir



Anton Örn og Róbert ætla að gera útsvæðið að jólaþorpi með skemmtilegum skreytingum og stemningu.

vel í það. Útsvæðið verður gert að jólaþorpi með skemmtilegum skreytingum og stemningu,“ segja Anton Örn og Róbert.

Alltaf blundað í mér að koma aftur heim

TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Bifreiðaverkstæði Nethamars hefur opnað á ný. Verkstæðið er til húsa á Flötum, nánar tiltekið númer 21. Þar er einnig rekið vélaverkstæði. Á nýja Nethamri verður boðið upp á Toyota þjónustu ásamt allri almenntri viðgerðarþjónustu á öllum helstu bílategundum.

Eyjamaðurinn Ásgeir Sigurðsson er fluttur aftur heim – reynslunni ríkar – eftir að hafa búið á höfuðborgarsvæðinu. Hann lærði bifvélavirkjun og hefur starfað sem slíkur í tæpa þrjá áratugi. Hann mun annast allan daglegan rekstur hjá Nethamri.

„Ég hef sjálfur starfað sem bilvélavirki í 28 ár og á að baki rúman áratug hjá bílaumboðinu B&L frá 1996 til 2007. Síðan lá leiðin til Betri bíla ehf þar sem ég starfaði m.a. við Volkswagen, Skoda, Audi og Mitshubishi í tæp 16 ár.“

„Ég sé bara um allt“

Ásgeir lærði bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla á árunum 1996 til 2000 og útskrifast með



Ásgeir: Ég sé bara um allt. Ég bóka, panta varahluti, tek á móti þeim, laga bílana, geri reikningana og læsi á eftir mér í lok dags.

sveinspróf í bifvélavirkjun árið 2001. Hann hóf svo nám í Tækniskólanum árið 2015 og útskrifaðist með meistarártítti í bifvélavirkjun árið 2017.

Spurður um hvert starfsheiti hans sé hjá Nethamri svarar Ásgeir: „Ég sé bara um allt. Ég bóka, panta varahluti, tek á móti þeim, laga bílana, geri reikningana og læsi á eftir mér í lok dags. Ég sé sem sagt um allan daglegan rekstur.“

En hvað varð til þess að þú ákvaðst að flytja aftur til Eyja? Það hefur alltaf blundað í mér að koma aftur heim til Eyja en það gekk erfiðlega að finna rétta tímasetningu til að flytja heim. En þetta tækifæri að opna bifreiðaverkstæði hjá Nethamri ásamt því

að kærastan mín, Arna Huld Sigurðardóttir sá ekkert annað fyrir sér en að búa og starfa í Eyjum, leiddi mig af stað í þessa vegferð. Og hér er ég kominn og sé ekki eftir því.

Samstarfssamningur milli Nethamars og Toyota

Ásgeir segir aðspurður um hvaða þjónusta sé í boði hjá fyrirtækinu segir hann að Nethamar bjóði upp á Toyota og Lexus þjónustu þar sem smurþjónusta og þjónustuskóðanir eru framkvæmdar eftir ströngustu Toyota stöðlum í samræmi við Toyota Kaupþúni og Toyota á Íslandi.

„Þá verða líka almenningar viðgerðir á öllum Toyota og Lexus bílum. Einnig verður að sjálfsgöðu boðið

upp á smurþjónustuskóðanir og almenningar viðgerðir á öðrum bílategundum.“

Eru þið með einhver umboð? Nei. Þetta er ekki eiginlegt umboð þó svo það sé sannarlega samstarfssamningur milli Nethamars og Toyota. Sem þýðir að allir Toyota og Lexus bílar sem koma í þjónustu til Nethamars halda allri ábyrgð áfram svo lengi sem farið er eftir ábyrgðarskilmálum Toyota.

Hvernig líst þér á Eyjalífið? Mér lýst rosalega vel á eyjalífið. Hér er mikil uppbygging og alltaf eitthvað um að vera. Svo spillir ekki fyrir náttúran og fólkið hér í Eyjum.

Allir hjartanlega velkomnir

Ásgeir vill koma á framfæri við bæjarbúa að hægt er að hafa samband við hann á Nethamri ef það eru einhverjar spurningar, til að panta tíma eða bara í annað spjall. „Það næst í mig í síma 4811216 eða gegnum fésbókina (Nethamar ehf Vestmannaeyjum) og svo er hægt að senda tölvupóst á asgeir@nethamar.is nú eða bara kíkja í heimsókn að Flötum 21, allir hjartanlega velkomnir gamlir viðskiptavinir sem og nýir.“ segir hann.

VÖRUHÚSIÐ

SÓTT EÐA FÁ SENT HEIM ?

ÞÚ GETUR PANTAÐ AF ÖLLUM MATSEÐLINUM OG ANNAÐ
HVORT SÓTT EÐA FENGIÐ SENT HEIM

NÆLDU ÞÉR Í 15% AFSLÁTT
SKANNAÐU KÓÐAN HÉR TIL HLIÐAR
OG ÞÚ FÆRÐ 15% AFSLÁTT ÚT
NÓVEMBER Á NETPÖNTUNUM



WWW.VORUHUSID.IS
583-1500



Kveikjum neistann fékk sérstaka viðurkenningu

Verkefnið þykir öflugur stuðningur við íslenska tungu

Ari Eldjárn, uppistandari með meiru hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem afhenti voru á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember sl. Sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu hlutu aðstandendur og þátttakendur í þróunarverkefninu Kveikjum neistann við Grunnskólann í Vestmannaeyjum.

Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, afhenti verðlaunin og við þeim tóku fyrir hönd GRV og Vestmannaeyjabæjar, Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri og Páll Magnússon forseti bæjarstjórnar. Kynnir var Jakob Birgisson grínisti. GDRN og Vignir Snær fluttu lag og texta úr Málæði – íslenskuverkefni grunnskóla og Arnaldur Indriðason rithöfundur las úr bók sinni, Ferðalokum, sem byggir á ævi Jónasar Hallgrímssonar.

Um verkefnið segir dómnefnd að síðan því var hleypt af stökunum árið 2021 hafi það skilað eftirtektarverðum árangri bæði hvað varðar bættu líðan nemenda en líka færni í lestri. Viðurkenningin var afhent á degi íslenskar tungu sem haldinn er hátíðlegur á fæðingardegnum Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember ár hvert.



Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri GRV- Hamarsskóla tók við viðurkenningunni ásamt Páli Magnússyni sem var fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar. Á myndinni eru einnig Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra og Ari Eldjárn en hann hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

Stór og merkileg viðurkenning

Kveikjum neistann í Vestmannaeyjum hefur litla umfjöllun fengið þrátt fyrir ótrúlegan árangur nemenda miðað við það sem almennt gerist á Íslandi. Verkefnið er til tíu ára og er stutt af Vestmannaeyjabæ, menntamálaráðuneytinu, Háskóla Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Einn af áhuga-

verðustu þáttum verkefnisins er hvernig það samþættir áherslur í lestri, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og áhugahvöt. Lykillinn að góðum árangri nemenda í lestri þakka aðstandendur reglulegu stöðumati, eftirfylgni, markvissri þjálfun og áskorunum miðað við færni.

„Þetta er mjög stór og merki-

leg viðurkenning og ekki á hverjum degi sem skóli hér fær svona flott verðlaun. Þetta hefur tekist með samvinnu skólans og bæjarstjórnar og ekki má gleyma samstilltu átaki nemenda og góðum kennurum,“ sagði Anna Rós við Eyjafirðir. „Vert er að nefna gríðarlega mikilvægt hlutverk foreldra í námi barna sinna og góðu samstarfi heimila og skóla. Foreldrar eiga sinn þátt í þessum frábæra árangri. Við erum ofboðslega stolt af þessari viðurkenningu. Hún hvetur okkur til að halda áfram því öflugra starfi sem á sér stað í skólanum okkar. Til hamingju við,“ sagði Anna Rós.

Einstakur árangur

Og tölurnar tala sínu máli. Allir nemendur í fyrsta bekk sem hófu nám haustið 2021 gátu lesið orð í lok skólaárs en 73% í samanburðarhópi sem í voru 365 norsk börn. Árið eftir í öðrum bekk, vorið 2023 gátu 83% þeirra lesið texta sem hæfði aldri þeirra á móti 52% í samanburðarhópi 498 barna í 20 skólum á Íslandi. Í þriðja bekk, 2023 til 2024 gat 91% þeirra lesið texta sem hæfði aldri þeirra en 64% í í samanburðarhópi 401 barna í 15 skólum á Íslandi.



Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri GRV – Hamarsskóla ásamt Páli Magnússyni forseta bæjarstjórnar.

Íris bæjarstjóri má kalla ljósmóður verkefnisins

„Árangurinn sem náðst hefur með verkefninu Kveikjum neistann hér í Eyjum hefur vakið gríðarlega og verðskuldaða athygli. Þetta var staðfest þegar verkefnið hlaut sérstaka viðurkenningu á Degi íslenskrar tungu,“ sagði Páll Magnússon, forseti bæjarstjórnar að lokinni afhendingunni.

„Það er við hæfi því með því hefur náðst ótrúlegur árangur í

að auka lestrargetu barna á fyrstu grunnskólaárunum - auk annars ávinnings eins og í bættri líðan barnanna. Ég hljóp í skarðið fyrir bæjarstjórn okkar, sem með réttu mætti kalla ljósmóður verkefnisins, og fór með Önnu Rós skólastjóra að taka á móti viðurkenningunni. „Vorum þakklát, stolt og glöð.“

Samfélagið er allt þátttakandi

„Þessi viðurkenning er mikil heiður fyrir okkur öll hér í Eyjum en alveg sérstaklega fyrir skólafólkið, nemendur og foreldra. Að fara af stað með Kveikjum neistann var

sameiginleg ákvörðun allra sem að koma að í pólitíkinni og skólafólks. Mikilvægt er að sveitarfélög taki ábyrgð í menntamálum og það höfum við gert hér í Eyjum. Íslenska og í framhaldi lesturinn er lykillinn að framtíð barna. Við verðum að mæta börnum þar sem þau eru stödd svo að þau fái tækifæri til að nýta sína styrkleika og það er okkur að takast með nýrri og heilstæðri



nálgun á námið og skóladaginn,“ segir Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri.

„Samfélagið er allt þátttakandi og áhugi og metnaður mikill. Það frábæra starfs

sem unnið er á Bókasafninu okkar í tengslum við verkefnið er gott dæmi um þátttöku aðila utan skólans. Engin munur er á námárangri stúlkna og drengja, sett markmið eru að nást og nemendum líður vel og þau eiga fleiri vini í árgangi. Allt þetta getum við mælt. Kennarar og allt skólafólkið okkar hefur staðið sig gríðarlega vel og til hamingju þið öll með þessa verðskuldarðu viðurkenningu.“

Neistinn í Vestmannaeyjum byggist á viðurkenndum vísindum

Efla lesskilning, ástríðu, þrautseigju og gróskuhugarfar nemenda

„Upphafið að Kveikjum neistann í Vestmannaeyjum er samtal um stöðu drengja við Tryggva Hjalta-son sem varð til þess að ég hafði samband við Írisi bæjarstjóra. Í framhaldi af því fór fram samtal milli Grunnskóla Vestmannaeyja, bæjaryfirvalda í Eyjum og aðila sem komu að verkefninu. Þá byrjaði boltinn að rúlla,“ sagði Hermundur Sigmundsson um upphafið að verkefninu sem nú annað árið er unnið eftir í GRV.

„Hugmyndafræðin að baki Kveikjum neistann hefur verið í þróun frá 1995. Markmiðið er að byggja upp kennslu eftir viðurkenndum vísindum fremstu fræðimanna heims á sviði náms, færniþróunar, áhugavatar og hugarfars,“ segir Hermundur og nefnir lykilkennningar sem fremstu vísindamenn heims hafa lagt



Hermundur Sigmundsson.

fram. Markvissa þjálfun, áskoranir miðað við færni og lestur frá því einfalda til hins flókna. Lykilatriði er að brjóta lestrarkóðann og síðan efla lesskilning, ástríðu, þrautseigju og gróskuhugarfar.

„Að hvert barn fái réttar áskoranir, einstaklingsmiðaða kennslu og jákvæða styrkingu. Það er grunnur þess að öðlast hugsunina, ÉG GET! Styrkja sjálfsmynd barna og mikilvægt er að nota eingöngu jákvæða styrkingu. Breytt skipulag skóladagsins með hreyfingu og grunnfærni fyrir hádegi. Vera með þjálfunartímann strax eftir hádegi þar sem börn vinna með verkefni þar sem áskoranir miðast við færni og ástríðutíminn í lok dagsins þar sem nemendur fá val milli greina eins og heimilisfræði, handavinnu, smíði, myndlistar og tónlistar,“ sagði Hermundur.



Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2025

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is. (undir Sjóðir & nefndir)

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2024. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa og um verndarsvæði í byggð, sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á <https://reykjavik.is/husverndarstofa.is>).



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300 (beinn sími húsafriðunarsjóðs er 570 1307)
www.minjastofnun.is
husafriidunarsjodur@minjastofnun.is

Framtak ársins 2022: Það mikilvægasta í íslensku skólakerfi

Kveikjum neistann hlaut Fréttapýramíðann sem framtak ársins 2022 í Vestmannaeyjum. Upphafið að því að verkefnið kom hingað til Eyja er að Hermundur Sigmundsson prófessor við Norska tækni- og vísindaháskólann í Prándheimi og við Menntun og hugarfar – rannsóknarsetur við Háskóla Íslands fór að ræða við Tryggva okkar Hjalta-son um hina bágbornu stöðu drengja í íslenska skólakerfinu.

Þar nefndi Hermundur að hann hefði verið að þróa verkefni sem hann kallaði Kveikjum neistann og byggði á viðurkenndum vísindum fremstu fræðimanna heims á sviði náms, færniþróunar, áhugavatar og hugarfars.

Tryggvi er maður athafna og hann kynnti verkefnið fyrir skólástjórnumend Grunnskólans auk þess að hvetja Hermund um að hafa samband við Írisi Róbertsdóttur bæjarstjóra.

Skemmst er frá því að segja að Íris tók verkefnið upp á sína arma, eftir að 10 bæjarstjórar höfðu sagt nei við Hermund og þá varð ekki aftur snúið.

Síðan hafa fleiri aðilar bæst í hópinn og má þar nefna Bókasafn Vestmannaeyja sem er einn öflugasti stuðningsaðili verkefnisins og hafa starfsmenn þar til að mynda flokkað allar barnabækur safnsins eftir erfiðleikastigi til að þær geti nýst sem allra best hugmyndafræðinni á bak við Kveikjum neistann. Þá stóð Bókasafnið einnig fyrir vel heppnuðu málþingi um ávinninginn af verkefninu eftir þetta fyrsta ár.

En það er Grunnskóli Vestmannaeyja sem sér um framkvæmd verkefnisins og skólástjórn Anna Rós Hallgrímsdóttir er fulltrúi allra þeirra sem lagst hafa á eitt við að skapa þá umgjörð að Kveikjum neistann sé orðið það mikilvægasta sem verið er að vinna að í íslensku skólakerfi þessi árin.

Verkefnið hefur sýnt sig og sannað en áhugavert hvað það hefur hlotið litla athygli en hvatningaverðlaun á Degi íslenskrar tungu þetta árið mun hjálpa til. Koma Neistanum á framfæri því hann virðist vera það eina sem getur bjargað íslenska grunnskólanum.

Framúrskarandi fyrirtæki í Eyjum árið 2024:

Meðaltekjur hækka verulega

Nítján fyrirtæki í Vestmannaeyjum voru Framúrskarandi fyrirtæki árið 2024. Eru það um 5% skráðra fyrirtækja í Eyjum. Fyrirtækin á listanum í ár juku meðaltekjur sínar um 12% milli 2022 og 2023 og um 32% árin þar á undan. Þá jókst meðalrekstrarhagnaður þessara fyrirtækja um 183%.

Munar þar mestu um mikla aukningu rekstrarhagnaðar hjá ÍV fjárfestingafélagi ehf. og Fram ehf. sem bæði tengjast Guðbjörgu Matthíasdóttur, stærsta eiganda Ísfélagsins sem fór á markað í lok síðasta árs. Samanlagður rekstrarhagnaður þessara tveggja fyrirtækja eru tæpir 45

milljarðar króna af um 51 milljarðs króna rekstrarhagnaði allra fyrirtækja í Vestmannaeyjum.

Fyrirtækin eru: Vinnslustöðin hf., Ísfélag hf., VSV Seafood Iceland ehf., Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Ós ehf., Skipalyftan ehf., Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf., Karl Kristmanns umboðs- og heildverslun ehf., Bylgja VE 75 ehf., Faxi ehf., Frár ehf., HS Vélaverk ehf., Grímur kokkur ehf., S.B. Heilsa ehf., Narfi ehf., Einsí Kaldi Veisluþjónusta ehf., Kvika ehf. útgerð og Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.



Hrefna Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi, ávarpar fulltrúa Framúrskarandi fyrirtækja í Hörpu 30. október síðastliðinn.

Mynd: Birgir Ísleifur Gunnarsson.



Myndir: Bjarni Sigurðsson.

Starfsmenn Miðstöðvarinnar, Laugi, Björgvin og Steini sáu um veitingarnar á velheppnaðri iðnaðarkynningu Miðstöðvarinnar fyrir skömmu.

Mikilvægur þáttur í markaðssókn fyrirtækjanna

Í 15 ár hefur Creditinfo unnið greiningu á rekstri íslenskra fyrirtækja og veitt Framúrskarandi fyrirtækjum viðurkenningu fyrir árangurinn. Markviss undirbúningur og þrotlaus vinna liggur að baki framúrskarandi árangri. Vottunin er mikilvægur þáttur í markaðssókn þeirra sem vilja efla traust viðskiptavina og samstarfsaðila. Það er því eftir-sóknarvert að skara fram úr.

Þetta kemur fram á heimasíðu

Creditinfo þar sem skilyrði fyrir veitingunni. Meðal þeirra eru lánshæfi, ársreikningi sé skilað á réttum tíma og að fyrirtækið sé virkt samkvæmt skilgreiningu Creditinfo. Einnig eru skilyrði um rekstrartekjur og rekstrarhagnað, jákvæða niðurstöðu reikningsárin 2021 til 2023 og eiginfjárhlutfall skal a.m.k. vera 20% reikningsárin 2021 til 2023 og að eignir nái áveðnu lágmarki sömu ár.

Viðurkenning sem heldur okkur á tánum

„Við erum mjög stolt af þessari viðurkenningu, að vera Framúrskarandi fyrirtæki og það áttunda árið í röð,“ segir Marínó Sigursteinsson, framkvæmdastjóri og aðaleigandi Miðstöðvarinnar sem er eitt þeirra 19 fyrirtækja í Vestmannaeyjum sem hlaut viðurkenninguna í ár. „Annað í þessu er að þú kemst ekki inn nema að standast skilyrðin í þrjú ár. Ef við dettum út tekur það okkur þrjú ár að komast inn aftur.“

Creditinfo veitir viðurkenninguna, Framúrskarandi fyrirtæki með ákveðnum kröfum og Keldan og Viðskiptablaðið veita viðurkenningu fyrir hagnað. „Við höfum fengið viðurkenningar frá þeim báðum öll átta árin. Þetta er ekki bara stoltið, viðurkenningarnar halda okkur á tánum og

ad gera betur á hverju ári. Þess vegna er ég mjög montinn og í skýjunum með þessar viðurkenningar. Þær sýna að við erum á réttri braut og handverkið er á uppleið hér í Vestmannaeyjum. Í dag vinna 23 hjá Miðstöðinni og nýu eru að læra pípulagnir í Framhaldsskólanum sem er ekki bara styrkur fyrir okkur heldur bæjarfélagið allt. Við erum með frábært starfsfólk og það ber að þakka. Án þeirra næðum við ekki þessum árangri,“ segir Marínó sem er bjartsýnn á framtíðina.

„Það stýttist í að ég dragi mig í hlé en það eru öflugir menn sem taka við. Verkefnið er næg og veltan eykst með hverju árinu þannig að ég er sáttur þegar ég lít til baka.“

EYJAFRÉTTIR

- hluti af samfélaginu í fimmtíu ár



Lykillinn er gott starfsfólk og traustir viðskiptavinir

Skipalyftan er eitt fyrirtækja í Vestmannaeyjum sem tók við viðurkenningu frá CreditInfo fyrir að vera Framúrskarandi fyrirtæki. „Þetta er 11. árið í röð sem fyrirtækið hlýtur þessa viðurkenningu og erum við mjög þakklát fyrir

það,“ segir Stefán Örn Jónsson, framkvæmdastjóri Skipalyftunnar. „Árangurinn má fyrst og fremst þakka góðu starfsfólki og ekki síður traustum og góðum viðskiptavinum í Vestmannaeyjum og víðar.“

Á myndinni má sjá Jón Viðar Stefánsson, stjórnarmann í Skipalyftunni, taka við viðurkenningunni fyrir hönd Skipalyftunnar.



Sigursteinn Leifsson, útibússtjóri Íslandsbanka í Vestmannaeyjum afhendir Stefáni Friðrikssyni, framkvæmdastjóra Ísfélagsins hf. stóra tertu í tilefni viðurkenningarinnar.

Lítil starfsmanna-velta eykur stöðugleika

„Félagið er stolt af því að vera Framúrskarandi fyrirtæki. Ástæða þess er fyrst og fremst öflugir og reynslumiklir stjórnendur hjá félaginu. Lítil starfsmannavelta er hjá félaginu og eykur það stöðugleika og ákvarðanatöku til framtíðar. Félagið sinnir nýsköpun og rannsóknunum, sýnir samfélagsábyrgð og leitast við að vera eflandi afl í nærsamfélagum sínum,“ sagði

Guðmundur Jóhann Árnason, verkefnastjóri mannauðs- samfélags- og umhverfismála hjá Ísfélagi hf. Er þetta í áttunda skiptið sem félagið fær viðurkenninguna. „Þetta sýnir metnað í rekstri félagsins og að það hefur á að skipa öflugum starfsfólki. Fjöldi starfsmanna telur um 350 manns í landi og á sjó og á því byggjum við starfsemina.“



Alls vinna 440 hjá Vinnslustöðinni hf. þar af eru sjómenn 120.

Ánægjuleg viðurkenning fyrir stjórnendur og starfsfólk

Vinnslustöðin hefur í áraraðir hlotið viðurkenningu fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo. Það er ánægjuleg viðurkenning fyrir stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins. Vinnslustöðin hefur verið ört stækkandi félag sem hefur undanfarin ár leitast við að styrkja stöðu sína á afurðamörkuðum með eigin

söluneti, sem vel hefur reynst. Það hefur styrkt stöðu þess sem ein af undirstöðum atvinnurekstrar í Eyjum.

Fjöldi starfsfólks:

Sjómenn	120
Í landi í Vestmannaeyjum	240
Í landi utan Vestmannaeyja	80
Samtals	440

Vel heppnað kafbátaverkefni opnar á áhugaverða möguleika

≡ Geta nýst til leitar á uppsjávarfiski

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Það var árið 2022 sem Bretarnir höfðu samband við okkur, voru að leita að öflugum samstarfsaðila á Íslandi til að setja saman tvo fjarstýrða kafbáta sem áttu að sigla fyrir eigin vélarafl til Skotlands, 2500 km leið og taka ýmskonar sýni og gera margskonar prófanir á leiðinni,“ segir Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Er hann nýkominn af verkefnafundi hjá National Oceanography Centre, Bresku hafraðistofnunni (NOC) sem er með aðalstöðvar sínar í Southampton. Áhugaverð tilraun hér í Eyjum í sumar sem tókst jafnvel betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Á meðan verkefninu stóð var fylgst daglega með bátunum í gegnum gervihnött. Næsta skref í verkefninu er að kanna hvort nýta megí kafbáta af þessu tagi enn frekar, t.d. í leit að uppsjávarfiski, síld, loðnu og makríl.

Hörður segir að Bretarnir hafi verið í sambandi við fleiri á Íslandi en niðurstaða þeirra var að velja Vestmannaeyjar. „Þeim leist vel á Þekkingarsetrið og Vestmannaeyjar, öflugt bæjarfélag með mjög hæfu tæknifólki sem gæti gripið inn í ef eitthvað þyrfti að lagfæra eða smíða. Við vorum í samskiptum í eitt ár og í janúar á þessu ári komu tveir erlendir sérfræðingar, þeir Ed Chaney og Peter Lambert frá NOC og kynntu sér aðstæður og héldu fyrirlestra fyrir áhugasama Eyjamenn sem milli 20 og 30 sátu. Þeim leist vel á og margt áhugavert kom fram í fyrirlestrum þeirra um þá tækni sem ætlunin væri að nýta.“

För 2500 km á einni hleðslu

Hörður segir að í spjalli þeirra á milli hafi kviknað hugmynd, hvort ekki mætti nota kafbátana við fiskleit, einkum á uppsjávarfiski, loðnu, síld eða makríl. „Næsta skref var að kanna hvort mögulegt væri að koma bergmálmæli fyrir um borð í bátunum ásamt öflugum fjarstýrða búnaði sem myndi nýtast við leitina. Ferð bátsins sem í sumar sigldi frá Eyjum til Harryseyjar á Skotlandi sýndi og sannaði að þetta er hægt.



Hópurinn frá NOC sem kom til í Eyja í sumar vegna kafbátaverkefnisins með Herði. Aftari röð f.v. Peter Lambert, Allison Schaap, Rachel Marlow, Ed Chaney og Hörður Baldvinsson. Fyrir framan Sam Smith og Rob Templeton.

Hann sigldi þessa 2500 km á einni hleðslu.“

Bátunum fylgdi hópur tæknifólks og áfram var rætt um til hvers mætti nýta kafbátana. „Það endaði með stórum verkefnafundi í Southampton um miðjan október sem mér var boðið á. Þar var farið yfir ýmis tæknimál og hugmyndir okkar um að nýta bátana til fiskleitar. Það væri til dæmis til-
tölulega auðvelt að leita að loðnu undir ísnum norður af landinu og við Grænland ef svo bæri undir. Um borð yrði bergmálmælir og eDNA búnaður sem mælir ef loðna hefur verið á svæðinu og með gervigreind er hægt að stýra bátunum í átt að torfu sé hún fyrir hendi,“ segir Hörður og yrði þá mikil og góð viðbót við hefðbundna leit.

Markviss leit

Að verkefninu koma, NOC, Hafró, Matís og Þekkingarsetrið. „Ætlunin er að fá kafbát til Vestmannaeyja þar sem búnaðurinn verður settur um borð. Hann yrði síðan fluttur á Ísafjörð og siglt þaðan á helstu svæði loðnunnar og undir ísinn. Þetta gæti sparað stórfé og gert leitina mun markvissari. Hann gæti leitað samhliða rannsóknarskipunum eða einn og sér. Þegar minnka fer á rafhlöðunni snýr hann til baka inn á Ísafjörð.“

Róm var ekki byggð á einum degi og segir Hörður að það sama

eigi við þetta verkefni. „Þetta er hátæknibúnaður en þróunin hefur verið mjög hröð undanfarið ári. Kanadamenn og Norðmenn hafa hannað búnað til fiskleitar en hugmynd okkar hefur það umfram aðra að geta leitað undir ís. Í raun gert það sem við viljum en allt þarf þetta sinn tíma,“ segir Hörður og næsta skref er að sækja um styrki, erlenda sem innlenda.

Miklir hagsmunir

Það ætti ekki að vera vandamálið því hagsmunir eru miklir. „Fyrstu prófanir á búnaðinum verða gerðar á tilraunastofum NOC í Southampton sem er leiðandi á sviði sjávarrannsókna. Það er alls konar tæknimál sem þarf að leysa til að auka markvissar rannsóknir.

Það er ekki verið að finna upp hjólið en margir þurfa að koma að borðinu. Þetta hef ég kynnt Hafró og öðrum sem geta nýtt sér þennan möguleika. Það eru miklir hagsmunir í húfi, loðna, makríll og síld eru stofnar sem skipta okkur Íslendinga miklu. Verðmætið skiptir tugum milljarða þegar vel gengur. Hér er boðið upp á markvissari leið og ódýrari til að leita uppi torfur og fylgjast með göngu þeirra.“

NOC er stór stofnun, með um 650 starfsmenn og hefur komið að mörgum áhugaverðum verkefnum. „Hafró gegnir líka mikilvægu hlutverki því þar er okkar helstu sérfræðingar í rannsóknum á loðnu með okkur í liði. Fundaði ég með þeim síðari hluta október og er þeir mjög áhugasamir.

Hlakkar til að koma aftur til Vestmannaeyja

„Vestmannaeyjar reyndust rétti staðurinn fyrir kafbátaverkefnið okkar. Á leið kafbátsins frá landgrunni við Ísland að ströndum Skotlands náðum við að mæla magn kolefnis og annarra efna í hafinu,“ segir Robert Templeton frá NOC sem er ánægður með samstarfið við Þekkingarsetrið. „Öll þjónusta sem við þurfum á að halda var til staðar. Jákvætt viðmót fólks sem leysti allt fljótt og vel af hendi. Oft við erfiðar aðstæður og stundum var hvasst.

Ekki skemmdi stórkostleg náttúra Vestmannaeyja. Allt umhverfið, villt náttúran, fuglarnir og lífið í sjónum. Að ógleymdum matsölustöðum í fremstu röð. Við hlökkum til að koma aftur og vinna með Þekkingarsetri Vestmannaeyja í framtíðinni.“



Kafbáturinn kominn til Harryseyjar eftir 2500 km siglingu frá Vestmannaeyjum. F.v.: Sam Smith, Rob Templeton og Stewart Fairbairn frá NOC er fyrir miðju.



STJÓRNUM LANDAMÆRUNUM!

Frá óreiðu til almannahags. Vöktum landið – verjum íslenska velferð!



Kynntu þér málin
nánar á miðflokkurinn.is

ÁFRAM ÍSLAND
MIÐFLOKKURINN



Karlar í skúrum ≡ Aukin lífsgæði ≡ Glæsileg aðstaða

Handverk auðveldar körlum að tengjast og spjalla

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

Sævar Þórsson, formaður Lionsklúbbs Vestmannaeyja bauð gesti velkomna á formlega opnun, Karla í skúrum í Bjarginu dagdvöl að Hraunbúðum þann 18. október. Aðstaðan er í kjallara Hraunbúða og er ætluð körlum sem vilja grípa í handverk, rennismíði og útskurð svo dæmi séu tekin. Aðstaðan er vel búin tækjum og kaffistofa sem verður sennilega hjartað í starfseminni. Framtíkið er Lionsmanna sem innréttuðu aðstöðuna og hugmyndin er sótt til Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar. Lionsmenn hafa undanfarna mánuði innréttað og gert aðstöðuna klára. Fengu gestir að kíkja á herlegheitin í lok athafnarinnar.

Sævar sagði að margir hefðu lagt þeim lið og nefndi hann Marínó Sigursteinsson pípara og hjónin Þórð Rafn Sigurðsson og Ingu Eymundsdóttur, Hjálmar Brynjólfsson rafverktaka og Davíð Hallgrímsson málara.

Ingimar Georgsson, Lionsmaður hafði umsjón með verkinu og sagði söguna sem hófst í kjallara Hraunbúða. Þar var herbergi sem starfsfólk vildi hreinsa út úr og koma upp fönduraðstöðu, ekki síst fyrir karla. Ingimar greip hugmyndina á lofti og við leit á Netinu sá hann greinar um Karla í skúrum í Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Eftir að hafa fengið leyfi hjá bænum fór boltinn að rúlla.

Gjöf á 50 ára afmælinu

„Fjáröflun síðasta árs, sem var 50 ára afmælisár klúbbsins var eyrna-merkt Körlum í skúrum og starfi eldri borgara,“ sagði Ingimar. „Kynntum verkefnið og fengum frábærar viðtökur. Bárust skilaboð frá mörgum um tæki og tól sem við gátum fengið gefins eða fyrir lítinn pening. Gekk það svo vel að ekki komst allt fyrir.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum sem að þessu komu, fyrirtækjum, einstaklingum, félagsamtökum og hér erum við í dag. Með þessum orðum afhendi ég bæjarstjóranum okkar, Íris Róbertsdóttur lykilinn að Körlum í skúrum,“ sagði Ingimar.

„Þetta er mikill gleðidagur og þegar Ingimar kom til mín með þessa hugmynd vissi ég að hún

yrði að veruleika. Það sem Lionsmenn taka að sér klára þeir og gera vel,“ sagði Íris bæjarstjóri. „Aðstaðan í kjallararum er klárlega eitthvað sem okkur vantaði því öll viljum við hafa hlutverk. Hefur reynst vel eins og dæmin sanna í Hafnarfirði og víðar. Og takk fyrir Lionsmenn og til hamingju þið sem ætlið að fara að leika ykkur í kjallaranum,“ sagði Íris og útilokaði ekki að konur ættu eftir að líta þar við.

Upphafíð í Ástralíu

Örn Ragnarsson formaður félags trérennismiða á Íslandi, sagði frá handverkshópnum Snúíð og skorið í Hafnarfirði. Byrjaði á að kynna sig sem pabba hennar Drífu Pallar á Bókasafninu og tengdapabba Gunna Ella Pé.

Örn er upphafsmaður að Karlar í skúrum hér á landi en fyrsti skúrin varð til í Ástralíu. „Nú er svo komið að þetta er komið um allan hinn enskumælandi heim“ sagði Örn sem samgladdist Eyjamönnum með myndarlega aðstöðu.

„Tilgangurinn er að koma körlum, sem vantar hlutverk að gera eitthvað með körlum í sömu stöðu. Hentar mjög vel eldri borgurum, hættir að vinna, verða leiðinlegir á heimilinu og konurnar þurfa að losna við þá,“ sagði Örn.

Sævar formaður Lions kallaði upp fulltrúa Hollvina samtaka Hraunbúða, Bjargsins dagdvalar og Félags eldri borgara og afhenti þeim peningastyrk að upphæð kr. 300.000 hverju félagi og viðurkenningarskjal. Þau voru Þór Í. Vilhjálmsson formaður Félags eldri borgara, Sólveig Adólfssdóttir stjórnarkona í Hollvinasamtökunum og Ragnheiður Geirsdóttur forstöðukona Bjargsins dagdvalar sem veittu móttöku peningastyrksins.

Aðrir gestir voru Ólafur Guðmundsson frá Karla í Skúrum Mosfellsbæ sem sagði frá starfsemi félagsins, sem er með mörg járn í eldinum. Fulltrúi Karla í Skúrum Hafnarfirði, Sigurjón Elíasson sagði frá fjölbreyttu og kraftmiklu starfi þeirra.

Námskeið

Á laugardegnum voru gestirnir með námskeið í rennismíði sem Örn Ragnarsson stýrði. Páll Steindórsson var með námskeið í útskurði og Ólafur Guðmundsson í tálgun. Einnig var farið



Sævar kallaði upp fulltrúa Hollvinasamtaka Hraunbúða, Bjargsins dagdvalar og Félags eldri borgara og afhenti þeim peningastyrki.



Örn kenndi réttu handtökin við rennibekkin.

yfir umgengni um verkfæri og brýningu renni- og útskurðarjarna. Vel var mætt og seinna í haust eða vetur mun Bjarni Þór Kristjánsson tréskurðarmeistari vera með námskeið í útskurði og tálgun. Síðan hefur Örn Ragnarsson ákveðið að vera með tveggja daga námskeið í rennismíði í janúar eða febrúar á næsta ári.

Karlar í skúrum er úrræði sem gefur karlmönnum stað og stund til þess að hittast og vinna að sameiginlegum eða eigin verkefnum á sínum hraða. Markmið verkefnisins er að skapa aðstöður þar sem heilsa og vellíðan karla er höfð í fyrirrúmi og þeir geti haldið sér við líkamlega, andlega og félagslega. Megináhersla er lögð á vinnu í tré og hvers konar annað

handverk og er tilgangurinn að auka lífsgæði gegnum handverk, tómstundir og ekki síst samveru.

- Tilgangurinn að auka lífsgæði gegnum handverk, tómstundir og samveru
- Handverk auðveldar körlum að tengjast og spjalla
- Glæsileg aðstaða í kjallara Hraunbúða, búin fullkomnum tækjabúnaði fyrir allt handverk

Aðstaðan í kjallaranum á Hraunbúðum verður opin fyrst um sinn alla þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 09.00 og til hádegis. Þeir sem vilja geta fengið lykil að húsnæðinu og nýtt sér aðstöðuna hvaða dag sem er og á þeim tíma sem hentar þeim betur.

Svartur föstudagur

Frábær tilboð alla helgina í verslunum okkar
og á vefnum www.penninn.is

Tilboðin gilda 28. nóv til 01. des

Allt Playmobil á 20% afslætti

Allar ferðatöskur
á 30% afslætti

20%
afsláttur

30%
afsláttur

30%
afsláttur

Allt að
60%
afsláttur

Allt Hama á
20% afslætti

Allt BABY born
á 20% afslætti

50%
afsláttur

40%
afsláttur

20%
afsláttur

20%
afsláttur

Staflanlegir hringir
á 50% afslætti

Koopman hnettir
á 40% afslætti

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er frá 28. nóvember til og með 01. desember 2024 eða á meðan birgðir endast. Uppþýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndbreytingu.

penninn.is
482-3683

vestmannaeyjar@penninn.is
Bárustígur 2

PENNINN

Eymundsson

Skjöldur ≡ Vel heppnuð ráðstefna fyrir karla

Fallegur dagur fyrir stráka að vera saman

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Við erum búin að halda tvær kvennaráðstefnur undir nafninu Mey sem vakið hafa mikla athygli. Kvöldið eftir seinni ráðstefnunna fór ég í afmæli þar sem ég hitti strák, góðan vin minn og hann skoraði á mig; - hvernig væri nú að halda eitthvað svipað fyrir okkur strákana? Ég er til; en þið verðið þá að mæta, sagði ég. Hafði fljótlega samband við hann og negldi dagsetninguna, 19. október í ár. Þetta var áskorun sem ég ákvað að taka og útkoman varð karlaráðstefnan Skjöldur,“ segir Minna Ágústsdóttir, forstöðukona Visku í Vestmannaeyjum sem er himinlifandi hvernig til tókst.

„Ég vildi ekki að karlar mættu sem fórnarlömb og þyrftu á hvatningu að halda. Ég er fyrrverandi Hjallastefnukennari og veit hvað kynin eru ólík. Held reyndar, að ef körlum og konum hefði verið boðið á ráðstefnuna hefðu karlarnir ekki mætt. Mig langaði til að hafa fallegan dag fyrir stráka þar sem þeir áttu möguleika á að vera saman, tjá sig og hlusta á eitthvað uppbyggilegt. Mér finnst oft, þegar karlar koma saman að það endi sem hálfgerð hrútakeppni. Mikið djamm, uppboð og þeim egnat saman. Hér voru allir jafnir, allir velkomnir, borguðu það sama og enginn merkilegri en annar,“ segir Minna sem fékk öfluga karla í lið með sér.

Ráðstefnan var haldin í Sagnheiminum og henni stýrði Óskar



Bryggjan í Sagnheiminum var þéttsetinn og fengu fyrirlesarar mikið klapp fyrir framistöðuna.

Jósúason, upplýsingarfulltrúi Laxeyjar. Erindi fluttu Máni Pétursson fjölmiðlamaður og rithöfundur, Þorsteinn Bachmann leikari og Martin Eyjólfsson, Eyjamaður og ráðuneytisstjóri í Utanríkisráðuneytinu.

Enginn merkilegri en annar

„Máni skrifaði bókina, Þú þarft ekki að vera svona mikill aumingi sem er sjálfshjálparbók fyrir karmenn sem vita að sjálfshjálparbækur eru bara fyrir aumingja. Inntakið var, að enginn er merkilegri en annar. Velti upp spurningunni, hvernig getum við kennt börnunum okkar að vera góð við alla og að þau hvorki leggi í ein-

elti eða verði lögð í einelti?

Inntakið hjá Þorsteini var að húmor er dauðans alvara og vinnustaðamenningu. Sagði hann hægt að nota húmor á kalldhæðin og ljótan hátt en líka til að hafa gaman og létta andrúmsloftið og það tókst honum á ráðstefnunni.

Malli talaði um hvernig hægt er að byggja upp góða liðsheild og tók sem dæmi árin hans í fótboltanum eftir 1990 þegar ÍBV bjargaði sér frá falli á ævintýrlegan hátt og hann í fararbroddi. Umfjöllun um ÍBV var neikvæð og þá tóku leikmenn málin í sínar hendur. Sneru dæminu við, fögnin frægu urðu til og allt í einu var ÍBV orðið efst á blaði í öllum fjölmiðlum. Fékk ekki minni umfjöllun en liðin á toppnum. Þetta fléttaði hann inn í starf sitt sem ráðuneytisstjóri, að fá fólkið til að vinna saman og ná því besta fram hjá hverjum og einum.“

Uppselt

Uppselt var á ráðstefnunna, alls 75 þátttakendur og þar af 20 ofan af landi. „Þeirra á meðal voru Rúnar Freyr Gíslason leikari með meiru, Pálmi Guðmundsson fjölmiðlamaður og Stjáni skuggi kom með fimm með sér. Þátttakendur voru karlar á öllum aldri og stéttum. Mjög breiður hópur sem var tilbúinn að kafa djúpt og hlæja. Farið í

allan skalann sem er kannski það sem situr mest eftir,“ segir Minna.

Dagurinn hófst á Hárstofu Viktors þar sem og boðið var upp á kaffi og spjall að hætti rakara og þangað mætti fullt af körlum. „Þeir settu tóninn fyrir daginn og að lokinni ráðstefnunni kl. fimm bauð Brothers Brewery upp á smakkupplifun og happy hour. Klukkan sjö var alvöru borgari í boði hjá Einsa kalda. Kaldur drykkur og tónlist sem endaði á samsöng. Allt búið rúmlega átta.“

Minna segir að það hafi komið Mána og Þorsteini á óvart hvað ráðstefnan heppnaðist vel. Auk þess hefur hún fengið mörg jákvæð skilaboð og margir hlakka til að mæta á Skjöld að ári. „Flestir gistu um nóttina og einhverjir fóru í golf. Allir nutu góða veðursins í Eyjum og áttu hér stórkostlega helgi. Með þessu erum við að lengja ferðamannatímann í Eyjum og framundan er að skipuleggja ráðstefnuna Skjöld á næsta ári. Þetta er tilvalinn vettvangur fyrir vinnustaði að koma saman og efla starfsandann. Þetta sáu þeir hjá Geisla og komu með tíu starfsmenn,“ segir Minna sem vill þakka öllum sem komu að þessu með henni.

Nefndi hún Vestmannaeyjabæ, Hótel Vestmannaeyjar, Brothers Brewery, Magna media og Hárstofu Viktors rakara.



Létt spjall á milli atriða.

Hópurinn ólíkur og ótrúlega góður andi

„Mér fannst hugmyndin nokkuð góð og af hverju ekki? hugsaði ég þegar Minna hafði samband við mig. Hoppaði á þetta því þarna var tækifæri til að fara til Vestmannaeyja, er því miður ekki nógu duglegur að koma,“ segir Máni sem er ánægður með hvernig til tókst.

„Það var hálf fyndið hvernig ég undirbjó mig og fóru að renna á mig tvær grímur. Breytti og bætti áður en komið var á staðinn en allt gekk þetta. Skemmtilegt hvað hópurinn var ólíkur og ótrúlega góður andi. Malli og Þorsteinn eru líka frábærir fyrirlesarar.

Ráðstefnan var ótrúlega vel heppnuð og ég held að allir sem þarna voru hafi haft gott af því að vera með. Sjálfur lærði ég helling. Það er ekkert sjálfsagt að halda karlaráðstefnu sem er hálfgerð tabú í dag. Gott að Eyjamenn riðu á vandið,“ sagði Máni sem er mjög hlýtt til Vestmannaeyja. Er Garðbæingur sem getur rætt kvótakerfið af viti.



Skildi eftir smá gott í hjartanu

„Sæll, Óskar. Minna hérna. Ég er að spá í að halda karlaráðstefnu í október og langar að biðja þig um að vera með mér í þessu ævintýri. Þannig fékk ég fyrst fréttir af þessari hugmynd hennar Minnu og ég skal viðurkenna að það kom smá efi upp í hugann minn. Sagði samt, já og ég sé ekki eftir því. Dagurinn var frábær. Það var mikið hlegið og í mínum huga gerðist nákvæmlega það sem dagurinn átti að gera, að skilja



Þorsteinn, Malli og Máni þóttu standa sig frábærlega.

Dauðans alvara yfir í óborganlegan húmor

„Ég hafði alveg ótrúlega gaman af þessu. Dagurinn byrjaði hjá Birki Hlyns á Rakarastofunni þar sem frændurnir Guðni Hjöll og Svenni Þórðar, Viðar Hjálmars, Elli Jör og fleiri góðir hituðu upp

hláturtaugar viðstaddra með eftirminnilegum sögum,“ sagði Malli, Martin Eyjólfsson.

„Stemningin í Safna-húsinu var hreint út sagt einstök og mikið hlegið. Þorsteinn og Máni voru alveg frábærir - spönnuðu allt rófið – frá dauðans alvöru yfir í óborganlegan húmor. Ég rifjaði upp „fagn-tímuna“ undir stjórn Atla Eðvalds og hvernig þeir, þ.e. gleði og húmor sem leysa úr læðingi fleiri hestöfl og auka samheldni, hafa veitt mér innblástur við daglega stjórnun utanríkisþjónustunnar.

Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að vera einn fyrirlesaranna og ekki síður fyrir viðbrögðin við erindinu. Þetta var frá-

bært framtak hjá Minnu sem á miklar þakkir skilið. Karlarnir tóku svo sannarlega áskoruninni og troðfylltu húsið. Ég trúi ekki öðru en að það verði framhald á þessu.“

Breiddu út faðminn og tóku mann í fangið

„Það var óneitanlega spennandi áskorun að mæta til Eyja til að flytja erindi á karlaráðstefnu. „Ekki verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur,“ hugsaði ég. „Maður á náttúrulega ekki roð í þessa jaxla,“ og allt það. En ég lét slag standa og sé ekki eftir því. Var sóttur heim til mín í Vesturbæ Reykjavíkur að morgni 19 október af eiginmanni þeirrar snilldarkonu sem hafði fengið mig til starfans en sá sagðist þjálfra kvennalið í handbolta í hjáverkum,“ sagði Þorsteinn.

„Þetta reyndist vera landsliðsþjálfarinn okkar, Arnar Pétursson. Áttum stórgott samtal um sköpunargleði og frammistöðukvíða á leiðinni sem við töldum nýfast hvor öðrum mjög vel. Spáin hafði ekki verið neitt alltof góð varðandi ölduhæð deginum áður svo planið var að sigla frá Þorlákshöfn ef Landeyjahöfn gengi ekki, en að öðrum kosti yrði að fljúga með mig frá Bakka í einkaflugvél.

Herjólfur sigldi hins vegar frá Landeyjum og siglingin eins og á tófrateppi. Ég mætti svo nánast

beint úr skipinu á ráðstefnuna og ég væri að ljúga ef ég segðist ekki hafa verið með smá fiðring í maganum að mæta Eyjamönnum á heimavelli. En þvílíkar móttökur sem maður fékk. Þarna var sko hlátur, gleði og gaman! Og gestrisnin engu lík. Men bara breiddu út faðminn og tóku mann í fangið. Átti fjölmörg virkilega góð og innihaldsrík samtöl langt fram eftir kvöldi og fékk svo rúnt um Eyjuna morguninn eftir með heimamanninum Sigurjóni Ingvarssyni áður en siglt var til baka.

Það er engum ofsögum sagt að ráðstefnan hafi verið vel lukkuð, það var á allra vitorði sem mættu og tóku þátt. Get auðvitað ekki dæmt eigin frammistöðu en ef ég hef verið eitthvað nálægt því að vera á pari við hina fyrirlesarana má ég vel við una því Malli og Máni voru frábærir. Það er ekki sjálfgefið að svona ráðstefna gangi upp en hún gerði það. Allt utanhald og skipulag til sóma fyrir ráðstefnuhaldara og Eyjamenn alla. Takk fyrir mig,“ sagði Þorsteinn.

Sara Sjöfn í Póley ≡ Mikið úrval fyrir jólin

Þakklát fólkinu sem verslar í heimabyggð

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Nú þegar jólin eru á næsta leyti er ekki seinna vænna en að fara að huga að jólagjöfum og jólaskreytingum. Partur af jólagleðinni er að búa til notalega stemningu heima fyrir og velja góðar gjafir fyrir fólkið sitt. Íbúar í Eyjum þurfa ekki að leita langt yfir skammt til að finna réttu gjafirnar og skapa alvöru hátíðarstemningu, því hér í heimabyggð má finna allt sem hugurinn gírnist. Við ræddum við Söru Sjöfn Grettisdóttur eiganda gjafavörverslunarinnar Póley um komandi jólavertíð.

Sara segir jólasöluna hafa farið vel að stað í ár og að fólk sé einnig frekar tímanlega í því, sem sé frábært. „Við erum alltaf jafn þakklát fólkinu sem verslar í heimabyggð því án þeirra væri engin verslun,“ segir Sara Sjöfn.

Aðspurð hver sé jólagjöfin í ár svarar hún að handa fullorðna fólkinu sé það eitthvað sem hægt sé að borða og njóta. „Við erum með mikið úrval til að setja saman fallega gjöf. Einnig er sniðugt að gefa eitthvað hlýtt eins og góða ullarsokka eða klút, og þá mæli ég eindregið með Farmers Market.



Fallegur skartgripur er líka alltaf klassískt.“

Fyrir þá sem „eiga allt“ mælir hún með sælkeraboxum, því slíkt nýtist öllum. Handsápa og handáburður eru líka vinsælir og praktískir valkostir. En hver eru hennar ráð til að skapa hlýja og notalega stemningu heima fyrir jólin? „Ég myndi segja að það væru seríur, kerti, greni og jólailmur að þínu skapi og þá er komin dásamlega kósý stemning,“ segir Sara Sjöfn.



Sara Sjöfn: Erum með mikið úrval til að setja saman fallega gjöf.



SVARTUR FÖSTUDAGUR

20% AFSLÁTTUR AF SIGN
& fúlltrúi á staðnum.

20% AFSLÁTTUR
af flest öllum vörum í búð.

Opið til
22:00

póley

Við erum öll framúrskarandi!



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024



EINSI KALDI
RESTAURANT



ÍSFÉLAG



VESTMANNAEYJAR
ICELAND



Karl Kristmanns
Umboðs- og heildverslun ehf.

MIÐSTÖÐIN



KARLAR
Í SKÚRUM
Vestmannaeyjum

Aðstaðan í kjallaranum á Hraunbúðum verður opin fyrst um sinn
alla þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 09,00 og kl. 12,00 á hádegis.

Þeir sem óska, geta fengið lykil að húsnæðinu og nýtt sér aðstöðuna hvaða dag sem er
og á þeim tíma sem hentar þeim betur.

Ljóðskáldið Þórhallur Barðason með nýja bók

KÁRI BJARNASON

Þórhallur Helgi Barðason fluttist til Vestmannaeyja árið 2015 og hefur allt frá þeim tíma verið áberandi í menningar- og listalífi Eyjanna. Flestir munu kannast við hann sem öflugan söngkennara við Tónlistarskólann eða minnst þess er hann stjórnaði Karlakór Vestmannaeyja árum saman við góðan orðstír. En Þórhallur er einnig ljóðskáld og nýlega kom út fimmta ljóðabók hans *Um yfirvegaðan ofsa*.

Fyrsta ljóðabókin frá 2004, *Pegar Árni opnaði búrið*, er nú orðin ófánlegur safngripur. Tveimur árum eftir að Þórhallur fluttist til Eyja, eða árið 2017, gaf hann út 3 ljóðabækur eða þrileik eins og hann kallaði þakkann, *Mar*, *Bygging trjáhyssa í íslensku birki* og *Bleikir himnar*. Á þessu ári kom síðan út *Um yfirvegaðan ofsa* með undirtitlinn Frjáls ljóð.

Undirritaður hefur ekki undir höndum fyrstu ljóðabók Þórhalls, þar sem hún er því miður ekki til á Bókasafni Vestmannaeyja, og getur því ekki borið efni hennar saman við hina nýju bók. En þrileikurinn er til samans minni að umfangi en *Um yfirvegaðan ofsa* sem er vegleg ljóðabók, ríflega



eitt hundrað blaðsíður. Hins vegar ber þrileikurinn sameiginlega undirtitlinn Frjáls ljóð líkt og nýja bókina og það má ímynda sér að í gangi sé ljóðrænt samtal skáldsins sem nú haldi áfram. Annað einkenni hins ytra forms þrileiksins er lipurlegur texti sem notast við fá greinarmerki, heldur lætur ljóðin birtast óvarin á blaðsíðum sínum. Sú leið er farin enn skýrar í nýju bókinni.

Eitt megineinkenni á ljóðum Þórhalls er ótrúlega smellnar og um leið áleitnar samlíkingar, ekki síst um ástina og hennar margflókna völundarhús. Í einni bók þrileiksins, *Bleikum himni*, segir í upphafsljóðinu:

*Ef greind þín væri mæld í grömmum
værir þú með þungan heila.*

Ef bros væru mæld í amperum



*mætti stórvirkja þitt geislandi
bros.*

*Ef birta augans væri mæld í
kertum
dyttir þú um blessaða birtuna.*

*Ef viðmót væri á Celsíus
þyrftir þú ekki að kynda neitt.*

Um yfirvegaðan ofsa ber með sér sársauka reynslunnar sem hefur beislað hina blindu ást og yfirvegað raunsæi er komið í stað óraunsæjar rómantíkur. En orðlistin er hin saman, smellnar samlíkingar sem afhjúpa óvæntan sannleika:

Í þér kristallast

*tvær manngerðir:
þjófur og mella;
þú stalst hjartanu
og fyrst riðandi (.)*

Það er auðvelt að mæla með hinni nýju ljóðabók Þórhalls. Hann er einlægur í ljóðum sínum, enda þótt hann búi yfir óvenjulegri orðfimi sem gerir það svo freistandi að leynast um stund. Um yfirvegaðan ofsa er vafalaust besta ljóðabók Þórhalls, mögulega af því að hann hefur fullkomið taumhald á kerskninni þar og beitr henni inn á við. Gott dæmi um það er ljóðið Dyr og snjóskafur.

*Þú hefur gengið í gegnum
margt
þó í kerskni mætti segja
að manneskjur
gangi ekki í gegnum annað
en dyr og snjóskafur
Þó vill svo til að þú gengur
óafvitandi gegnum mig
staldrar við og við
og strýkur mér um hjartað(.)*


Um yfirvegaðan ofsa er góður ferðafélagi sem óhætt er að mæla með. Ljóðin eru einlæg, oft óvænt en alltaf sönn. Höfundur hefur fengið Sæþór Víðó til að hanna bókina og er það unnið af þeirri smekkvísi sem Sæþór er löngu þekktur fyrir. Höfundur selur bókina sjálfur.

Dömu- og herrakvöld ÍBV í hæstu hæðum

Dömu- og herrakvöld handboltans voru haldið dagana 8. og 9. nóvember síðastliðinn í Golfskálanum. Vel var mætt á bæði kvöldin og mikil stemning myndaðist, en þessi kvöld eru árlegur viðburður og partur af fjáröflun handboltans.

Einsi Kaldi sá um matinn og voru ýmis skemmtiatriði í boði. Kvöldin voru með svipuðu sniði, þar sem boðið var upp á pflu og happaðrætti og veglegir vinningar gefnir frá fyrirtækjum hér í bæ. Þema kvöldsins á dömu- og herrakvöldinu var gallaklaðnaður að hætti Iceguys, en veislustjóri kvöldsins var Mollý úr Iceguys þáttunum, réttu nafni Sandra Barilli.

Veislustjórar herrakvöldsins voru þeir Tómas Steindórsson og Gunnar Birgisson. Glacier Guys mættu á dömu- og herrakvöldið og tóku lag við mikil fagnaðarlæti, en Glacier Guys er skipað af þeim Hannesi Gústafssyni, Friðriki Már Sigurðssyni og Theodóri Sigurbjörnssyni. Jóhann Pétursson hélt skemmtilega ræðu á herrakvöldinu þar sem farið var yfir víðan völl. Það má með sanni segja að bæði kvöldin hafi verið einstaklega vel heppnuð, en kvöld sem þessi eru ekki einungis fjáröflun heldur einnig frábært tækifæri til að koma saman og njóta góðs félagskappar.



NÚ ER ÞAÐ SVART!

SVARTUR FÖSTUDAGUR Í MIÐSTÖÐINNI



20%

afsláttur af

FESTINGUM
OG STÁLVÖRUM

FLÍSAEFNI

GARÐVERKFÆRUM

HANDVERKFÆRUM

HREINLÆTISTÆKJUM

KÍTTI & FRAUÐI

MÁLNINGARÁHÖLDUM

SPREYI

LISTMÁLARAVÖRUR

30% afsláttur af

HREINSIEFNUM, HREINLÆTISVÖRUM
OG PLASTKÖSSUM

ATH AFSLÁTTUR GILDIR EKKI AF TILBOÐSVÖRUM

MIÐSTÖÐIN

–í meistara höndum

Strandvegi 30 | s. 481 1475 | www.midstodin.is | [f /midstodin](https://www.facebook.com/midstodin)

Góðar hugmyndir fæðast á ferðinni.

Kia EV9.



Movement that inspires

Kia EV9 er bæði bíll ársins og rafbíll ársins hjá World Car of the Year, ásamt því að vera fyrsti bíllinn sem vinnur öll þrjú stærstu hönnunarverðlaunin í heiminum. Árangur sem talar sínu máli.

EV9 er alrafmagnaður jeppi með allt að 522 km drægni og 2.500 kg dráttargetu. Ofurhröð hleðsla í allt að 249 km drægni á aðeins 15 mínútum.

Verð frá 13.490.777 kr.

Komdu og reynsluaktu.

